

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014, frístundabyggð í landi Reyðarvatns, Geitasands og Spámannsstaða.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. júní 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014 frá 4. júlí 2003.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Í landi Reyðarvatns og Geitasands breytist 135 ha landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð. Frístundabyggðin stækkar úr 100 ha í 235 ha. Stærð lóða verður 6-8 ha.
2. Í landi Spámannsstaða breytist 30 ha landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð. Stærð lóða verður 3-8 ha.
3. Frístundabyggð í landi Reyðarvatns minnkar úr 20 í 18 ha.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 14. júní 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2007